

Fundur í Betadeild haldinn í Naustaskóla á Akureyri

4. nóvember 2015

Mættar voru 19 konur

1. Setning fundar

Björk formaður setti fund og Martha kveikti á kertunum. Björk flutti síðan kveðjur frá fjarstöddum konum.

2. Orð til umhugsunar

Elín Magnúsdóttir flutti orð til umhugsunar og talaði um matarsóun. Það er verkefni sem þarf að huga að alls staðar hvort sem er á heimilum, skólum eða vinnustöðum. Hún nefndi sem dæmi að fjórði hver innkaupapoki fer í rusl. Þetta er nú þegar þriðji mesti mengunarvaldur heims. Elín vitnaði í Selina Juul í Danmörku sem hefur stofnað samtök um að sóa ekki mat og heldur víða fyrirlestra. Hér á landi er það Rakel Garðarsdóttir sem hefur hafist handa við að vekja fólk til umhugsunar um þessi mál. Baráttan snýst um það að allir hafi í sig og á og að við hættum að henda mat.

3. Fundargerð síðasta fundar

Ragnheiður Sig. las upp fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt eftir smá leiðréttingu.

4. Erindi frá stjórn

Björk ræddi um landssambandsþingið sem verður á Akureyri í maí 2017. Reikna má með um 75 konum á þingið, Mýdeildin verður væntanlega með okkur í þessu. Jónína, Margrét Kristín og Elín voru tilnefndar í nefnd til að finna húsnaði fyrir þingið. Einnig minnti Björk á fjörutíu ára afmælishátíð DKG sem verður í Reykjavík 6. nóv. nk. og sagði að sex Betakonur væru skráðar.

5. Önnur mál

Umræða um undirbúning landssambandsþingsins hélt áfram og var rætt um dagsetningu í maí 2017 og þarf að skoða það betur.

Hanna flutti kveðju frá Guðrúnu Björnsdóttur, fyrrverandi Betakonu, og bað um að fá að kaupa hennar nælu og var það samþykkt.

6. Gestur kvöldsins

Gestur kvöldsins var Valgerður Jónsdóttir framkvæmdastjóri Norðurlandsskóga. Hún ræddi um skógrækt á Íslandi. Sagði að við landnám hafi 25% af landinu verið skógi vaxið, en nú eru það um 1.5–2%. Þá var skógurinn nýttur til eldiviðar og kolagerðar. Íslensku tegundirnar eru birki, blæösp og reyniviður. Hún nefndi að mikil eyðing sé á skógum í heiminum og viður er mjög verðmætur. Hún nefndi einnig að stærstu

skógarbýlin í Eyjafirði eru Glæsibær og Hólsgerði. Þá sagði hún okkur að hæsta tré á Íslandi sé á Kirkjubæjarklaustri, 27 m á hæð.

Björk þakkaði Valgerði fyrir stórfróðlegan fyrirlestur og færði henni rauða rós.

7. Kaffi og happdrætti

Þá var komið að kaffinu og stóð kaffinefndin sig vel að vanda. Happdrættisvinninginn fékk Fríða Péturs og pyngjan góða var látin ganga.

Fundi slitið kl. 21.40.

Ragnheiður Sigurðardóttir, ritari.